ÁFORM UM LAGASETNINGU

– sbr. samþykkt ríkisstjórnar frá 10. mars 2017, 1.-4. gr.

Málsheiti og nr.	MAR22060106 Frumvarp til laga um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands (veiðistjórn grásleppu).
Umsagnaraðili	Atli Vilhelm Hjartarson
Styð kvótasetningu?	☐ Já ☒ Nei
Dags.	23. janúar 2023

A. Úrlausnarefni

1. Er eitthvað tilefni?

Markmið fiskveiðistjórnar er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu nytjastofna Íslands og tryggja þannig trausta atvinnu og byggð í landinu. Talað um að kvótakerfi stuðli að sjálfbærum veiðum? Er það reynslan miðað við ástand hinna ýmsu fiskistofna? T.d lúða, hlýri, rækja, humar, skelfiskur? Veiðistjórn grásleppu hefur liðið mest fyrir takmarkaðar rannsóknir að hálfu Hafró og ómarkvissar og órökstuddar ákvarðanir sjávarútvegsráðherra síðustu ár. T.d hvenær vertíðin byrjar. Tekin eru dæmi um að nýtingu leyfa fækki og endurnýjun sé lítil, samt er skautað framhjá að á árunum 2008-2012 voru 311 bátar að meðaltali. Það hefur ráðið mestu hver verðin eru hvort menn leggja út í kostnað fyrir vertíðina. Það sem hefur ráðið miklu um nýliðun útgerða í grásleppu síðastliðn ár er að það hefur verið erfitt að fá leyfi keypt þar sem að kvótasetning grásleppu hefur vovfað yfir að grásleppa verði kvótasett. Menn hafa því ekki viljað selja leyfin og taka sénsinn á því hvort menn séu að láta frá sér aflaheimildir og þar með verðmæti. Stundum var í boði að kaupa grásleppuleyfi en veiðireynsla átti ekki að fylgja. Ekki voru nýliðar þá að kaupa leyfi á fullu verði sem væri svo kannski ekki hægt að nota á næstu vertið. Vandinn er því að miklu leiti heimatilbúinn.

2. Hvert er úrlausnarefnið?

Á undanförnum árum hefur veiðistjórn grásleppu sætt gagnrýni fyrir að vera ómarkviss og ófyrirsjáanleg fyrir þá sem stunda veiðarnar. Á grásleppuvertíðinni 2020 komu ókostir núverandi veiðistjórnar grásleppu vel í ljós. Er það? Hefur ekki verið vaninn að vertíðin byrji um eða eftir 23.mars? Þarna ákvað ráðherra byrja 1. Mars án þess að rökstyðja það að neinu leiti, eins var bent á að vegna góðrar veiði og tíðar á norðaustur horni landsins það ættu ekki að vera margir veiðdagar. Hlutdeildarsetning er ekki meiri hvati en núverandi kerfi. Það er ekki auðvelt fyrir nýliða að kaupa kvóta í samkeppni við eldri útgerðir. Kostir við núverandi kerfi hversu auðvelt það er fyrir nýliða að byrja. Núna er fyrirkomulagið þannig að niðurstaða stofnmælinga í mars mánuði gildir 70% á móti næstliðnu ári. Breytist þetta við kvótasetningu? Ef svo er er þá eitthvað sem mælir á móti að breyta með núverandi kerfi?

Að hvaða marki duga gildandi lög og reglur ekki til?

Helstu ókostir núverandi veiðistjórnar felast í því að hún er á köflum ómarkviss og ófyrirsjáanleg með tilliti til þess að fylgt sé ráðgjöf. Hefur grásleppuveiði farið meira eða minna fram úr ráðgjöf heldur en aðrar fisktegundir sem eru kvótasettar? Er ekki svigrúm í aflamarki til að taka/skilja eftir hluta af aflamarki til næsta árs?Þá hafa núgildandi lagaákvæði ekki leitt til aukinnar nýliðunar í greininni og því er lagt til að í frumvarpinu verði mælt fyrir um nýliðunaraflaheimild í grásleppu, þannig að nýir aðilar geti fengið úthlutað aflamarki yfir tiltekið tímabil til að hefja grásleppuveiðar. Hvað er átt við með þessu? Eins og minnst hefur verið á áður þá hefur takmörkun á nýliðun að stórum hluta verið tilkomin vegna fyrirhugaðar kvótasetningar á grásleppu. Leyfi hafa ekki verið í boði og ef svo er þá með miklum takmörkunum og skilmálum. Einnig má ætla að með hlutdeildarsetningu grásleppi verði unnt að breyta rekstrarformi útgerða og auka fyrirsjáanleika veiða sem muni leiða til aukinnar nýliðunar innan greinarinnar. Hvað bull er þetta eiginlega? Væri

ekki málið að líta sér nær og horfa á samþjöppun í krókaaflsmarkinu? Minni nýliðun er líka af stórum hluta tilkomin vegna mikillar samþjöppunar þar sem að stór fyrirtæki í aflamarkinu (útgerð línuskipa,skuttogara og uppsjávarveiðiskipa) hafa verið að kaupa upp minni útgerðir og framboðið því lítið fyrir nýliða til að byrja. Hætt er við að svipað muni gerast með grásleppu. Hefur verið borið saman hlutfall um fjölda báta sem eru núna í krókaaflamarkinu og á grásleppuveiðum og hvernig hlutfallið var fyrir 10-15 árum? Minni nýliðun er m.a. vegna erfiðra aðstæðna utan grásleppútíma.

B. Markmið

1. Stefna hins opinbera á viðkomandi málefnasviði/málaflokki

Markmið í fjármálaáætlun ríkisstjórnarinnar er að styrkja sjálfbærni auðlindanýtingar og efla vernd og viðgang viðkvæmra vistkerfa á grunni vistkerfisnálgunar. Draga úr losun gróðurhúsalofttegunda vegna framleiðslu og auðlindanýtingar. Þá er í stjórnarsáttmála Framsóknarflokks, Sjálfstæðisflokks og Vinstri hreyfingarinnar - græns framboðs lögð áhersla á jafnvægi efnahagslegra, samfélagslegra og umhverfislegra þátta þegar kemur að nýtingu auðlinda. (rétt orðalag gæti verið: Kvótasetja allt og leyfa togurum að veiða uppi í fjöru)

2. Markmið sem að er stefnt með lagasetningu í ljósi úrlausnarefnis og stefnu stjórnvalda

Að veiðistjórn grásleppu verði ekki einfaldari, markvissari eða fyrirsjáanlegri fyrir alla aðila, hvað þá hagkvæmari.

C. Leiðir

1. Ekkert aðhafst - hvaða afleiðingar hefði það?

Það er ekki bara val um núverandi kerfi á grásleppu eða aflamark. Til eru fjölmargar leiðir til að betrumbæta núverandi kerfi til hagsmuna fyrir alla aðila. Án þess að til kvóta setningar komi. L.S. ofl hafa síðast liðin ár lagt til nokkrar breytingar sem hafa ekki hlotið náð fyrir augum ráðherra.

2. Önnur úrræði en lagasetning sem metin hafa verið

Hafa verið lagðar til einhverjar aðrar leiðir?.

3. Mögulegar leiðir við lagasetningu

Núna á að taka upp svæðaskiptingu aftur þegar kvótasetning er fyrirhuguð. En áður hefur verið talað um galla núverandi kerfis (eftir að svæðaskipting var afnumin) Var ekki bara frekar heimskulegt að taka svæðaskiptinguna af? Hefði kannski verið hægt að stjórna vertíðinni betur árið 2020?

D. Hvaða leið er hægt að fara og hvers vegna?

1. Stutt lýsing á þeirri leið sem áformuð er og rökstuðningur fyrir henni skilur eftir fleiri spurningar heldur en hún svarar.

Hvað rökstyður hvað ár eru valin úr til að hafa til viðmiðunar vegna aflareynslu? Hvað með nýliða? Ekki hefur verið mikill möguleiki á að kaupa grásleppuveiðileyfi undanfarin ár nema þá helst leyfi sem höfðu litla eða enga veiðireynslu. Eða að keypt voru leyfi þar sem var skilyrði í kaupsamningi að ef til kvótasetningar kæmi þá fengi nýr eigandi ekki þá veiðireynslu. Ef til kvótasetningar kemur hvernig verður gætt sanngirni með svæðaskiptingu og aflareynslu? Mun allur kvótinn fara á eitt svæði? Talað er um sérstakan nýliðunarpott. Hverjir mega sækja í hann. Þeir sem ekki fengu úthlutað kvóta þó þeir ættu leyfi? Hvað er nýliði? Getur gömul útgerð með reynslu stofnað nýtt ehf og talist þar með nýliði?

E. Samræmi við stjórnarskrá og þjóðarétt – aðrar grundvallarspurningar

1. Koma áformin inn á svið stjórnarskrár og þjóðréttarskuldbindinga?

Verði frumvarpið að lögum munu aðeins þau skip sem hafa rétt til grásleppuveiða og nýtt leyfið á tilteknu tímabili (hvað ræður þessu tímabili?) fá úthlutað aflahlutdeild með tilliti til veiðireynslu og verður því atvinnuréttindum leyfishafa ekki raskað. Jú atvinnuréttindum

leyfishafa er raskað ef það eru búnar til einhverjar sérstakar reglur um hvaða leyfi halda réttindum og hver ekkki.. Þannig að þeir sem

2. **Er önnur grundvallarlöggjöf sem taka þarf tillit til?** Já, ÞEIR EINIR SEM ERU RÉTTHAFAR VEIÐILEYFA SKULA HAFA RÉTT TIL AÐ VEIÐA GRÁSLEPPU. Á að taka þennan veiðirétt af þeim sem hafa keypt sér leyfi og hyggjast fara í útgerð?

F. Samráð

1. **Hverjir eru helstu hagsmunaaðilar?** Hagsmunaaðilar eru handhafar grásleppuveiðileyfa. Í gildandi lögum eru grásleppuveiðar takmarkaðar við ákveðinn hóp sem rétt hefur til að stunda þær veiðar á grundvelli opinbers leyfis. Um það bil 450 skip hafa rétt til að fá leyfi til grásleppuveiða, skv. 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Leyfi eru virkjuð fyrir flest skip sem hafa rétt til að fá leyfi fyrir hverja vertíð og fara á grásleppuveiðar. Einhver réttindi til að fá leyfi hafa verið sett í geymslu hjá Fiskistofu, t.d. vegna þess að skip skortir haffæri eða af öðrum ástæðum. Þá hafa einhver skip rétt til að fá leyfi en leyfin eru ekki virkjuð á grásleppuvertíðinni þar sem skipin fara ekki á veiðar.

2. **Samráð sem þegar hefur farið fram!**

   Samráð hefur ekki farið fram, það er alveg ljóst. Og talað um að tekið hafi verið tillit til ábendinga og athugasemda frá hagsmunaaðilum! Var bara talað við þá sem höfðu Mikla veiðireynslu og áttu von á kvóta?

3. **Fyrirhugað samráð**

   Samráð eða þvingað í gegn?.

G. Annað

Er eitthvað sem mælir á móti því að ef til kvótasetningar kemur þá sé aflamarki deilt á milli þeirra grásleppuleyfa sem til eru í samræmi við stærð leyfa? Leyfi geti þó aldrei orðið stærra en 15 tonn (að viðmiði) þar sem að bátar stærri en það hafa ekki leyfi til grásleppuveiða (nokkrar undantekningar eru þó og myndu þeir þá teljast sem 15 tonna bátar.

H. Fylgiskjöl

1. **Mat á áhrifum lagasetningar – Frummat, sbr. eyðublað.**